

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

NÓVEMBER 2015

11. tbl. 22. árg.



Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti afhendir stjórnendum Seljaskóla fána heilsueflandi Breiðholts. Sjá frétt á bls. 2.



SPÍRAN
BORDUM VEL
GARDHEIMUM • STEKKJARBAKKA 6



2 pizzur í pakka 299 kr.

Iceland

Þú kemst alltaf í bankann á L.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Lambahryggur
lundarmegin

Verð áður 2.579 kr./kg.

Verð núna 1.998 kr./kg.

Kjúklingabringur
frá Ísfugli

Verð áður 2.974 kr./kg.

Verð núna 2.398 kr./kg.

Nóvembertilboð

Nautagúllash

Verð áður 3.198 kr./kg.

Verð núna 2.559 kr./kg.

Nautasnitzel

Verð áður 3.298 kr./kg.

Verð núna 2.639 kr./kg.



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Jólakaffi komið
frá Te & Kaffi



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrót: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

11. tbl. 22. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Ekki fullbyggt hverfi

Margir líta trúlega svo á að Breiðholtið sé fullbyggt borgarhluti enda oft rætt um byggðina á þá vegu. Ef nánar er að gáð er svo alls ekki. Í aðalskipulagi Reykjavíkur sem samþykkt var í borgarstjórn þann 26. nóvember 2013 eða fyrir tveimur árum er gert ráð fyrir talsverðum byggingaframkvæmdum og fjölgun íbúða í borgarhlutanum.

Breiðholtsblaðið fjallar nokkuð um aðalskipulagið í þessu blaði. Slík umfjöllun hefur upplýsingagildi fyrir íbúa Breiðholtsins um hveru megi vænta á þessu tímabili. Ljóst er að framkvæmdir í grónum borgarbyggðum geta valdið umræðum og skoðanaskiptum á meðal íbúanna þar sem sitt sýnist hverjum. Á meðan einhverjir kunna að fagna nýjum framkvæmdum og fjölgun íbúa munu aðrir telja þær hinn mesta óþarfa og inngríp í daglegt líf hverfisbúa.

Reynslan sýnir að algengt er hér á landi og þá ekki síst á Rhöfuðborgarsvæðinu að andstaða geti myndast við þéttingu byggðar. Að einhverju leyti getur hún stafað af innbyggðu íhaldssömu hugarfari. Að þessi eða hin byggðin hafi risið og staðið um árabíl eða áratugi og engu sé við hana að bæta. Í annan stað má ætla að fólki finnist þrengt að sér með þéttingu byggðar. Íslendingar hafa gjarnan horft á mikið af óbyggðu landi og oft talið litla ástæðu til að þetta byggðir þótt það hafi oft á tíðum ákveðna kosti heldur beri að dreifa þeim og skapa sem mest rými.

Í ljósi þess hversu skoðanir hafa jafnan verið skiptar um skipulag þegar kemur að þéttleika byggðar og einkum að hugmyndum um þéttingu gróinna byggðarlaga og hverfa er nauðsynlegt að fólk geri sér grein fyrir eftir hvaða hugmyndum er unnið og hvað það kunni að eiga í vændum. Í fljótu bragði verður þó tæpast séð að aukin byggð skaði Breiðholtið eða íbúa þess. Hún getur allt eins aukið lífsgæði þeirra – ekki síst þegar litið er til þess að fjölgun íbúa kallar á aukna þjónustu inn í byggðina. Þar ræður þó miklu um hvernig að henni verður staðið og þá ekki síst hvernig hún muni tengjast umhverfislegum þáttum.

Breiðholtið er ekki fullbyggt samkvæmt gildandi Aðalskipulagi og því nauðsynlegt að fólk fylgist með og geri sér grein fyrir byggðinni sinni að þessu leyti.

Heilsueflandi Breiðholt:

Stórt verkefni að fara af stað í Breiðholti

Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti fór rúntinn eins og hann komst að orði í samtali við Breiðholtsblaðið og gaf skólastjórnendum í hverfinu plakat í ramma og fána Heilsueflandi Breiðholts.

Um er að ræða hluta af kynningu á verkefninu Heilsueflandi Breiðholt sem er þróunarverkefni og hefur það markmið að stuðla að heilbrigði og velferð í samfélaginu. Verkefnið miðar að því að stofnanir og félagsamtök í hverfinu skapi heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði íbúa frá ýmsum hliðum. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirritaði ákvörðum um verkefnið ásamt Óskari Dýrmundi Ólafssyni hverfisstjóra og Nichole Light Mosty formanni hverfisráðs Breiðholts 22. apríl s.l. Ákvörðunin markar ákveðin tímamót í hverfinu með yfirlýsingu um að Breiðholt muni hrinda af stað vinnu um heilsueflandi samfélag og verða þar með leiðandi hverfi í borginni öðrum hverfum til fyrirmyndar á komandi misserum. Hluti þessa verkefnis er Heilsueflandi skólar sem í grunninn er verkefni á vegum Embættis landlæknis og byggir á þeirri



stefnu að nálgast forvarnir út frá jákvæðu og víðtæku sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu, hollri næringu, bættri andlegri líðan og jákvæðum lífsstíl. Steft er að því að allir grunnskólar, leikskólar og framhaldsskólinn í Breiðholti verði Heilsueflandi

skólar. Aðaláhersla í verkefninu er á fjóra þætti, næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl. Unnið verður með afmarkaða þætti í einu á hverju skólaári og hver skóli ákveður í hvaða röð þættirnir eru teknir fyrir. Dr. Þórdís Gísladóttir verkefnastjóri frístunda og félagsauðs í Breiðholti stýrir verkefninu.

NOKIAN TYRES

BLEIKA SLAUFAN



Fáðu 20% afslátt af NOKIAN dekkjum og styrktu Bleiku slaufuna um leið

Veldu margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða

MAX1 býður 20% afslátt af hágæða Nokian dekkjum og hluti söluágóða rennur til Krabbameinsfélagsins

- ✓ ein öruggustu dekk sem völ er á
- ✓ ítrekað valin bestu dekkinn í gæðakönnunum
- ✓ breitt úrval nagla-, vetrar- og heilsársdekkja
- ✓ eigum dekk fyrir fólkubíla, jeppa og sendibíla

SENDUM UM ALLT LAND
Flutningur með Flytjanda
500 kr. hvert dekk

Skoðaðu dekkjaleitarvélina á MAX1.is

Bíldshöfða 5a, Reykjavík
Jafnaseli 6, Reykjavík
Dalshrauni 5, Hafnarfirði
(Knarrarvogi 2, Reykjavík
Ath. ekki dekkþjónusta)

Opið:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

Aðalnúmer:
515 7190

MAX1
BÍLAVAKTIN

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS
APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Ljósahelgi Gardheima

20% AFSLÁTTUR AF AF ÖLLUM INNI OG ÚTISERÍUM

CONNECT A LIGHT
SAMTENGJANLEGAR ÚTISERÍUR
10M LÖNG ★ 100 LJÓSA
VERÐ 5.480KR



SAMTENGJANLEGAR
EKKERT SNÚRUVESEN



HENTA VEL VIÐ
ÍSLENSKAR ABSTÆÐUR




BARA EIN KLÓ



TILBOÐ GILDA 12.-16. NÓVEMBER 2015

OPÍÐ TIL
21:00
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

VIÐTALIÐ

Ég hef bara verið í heimspólítíkinni

„Ég hef aldrei verið í stjórnmalaflokki. Ég hef bara verið í heimspólítíkinni,“ segir Jónas Þórisson, kristniboði og fyrrum forstöðumaður Hjálparstofnunar kirkjunnar og Hjálparstarfs kirkjunnar eins og það heitir í dag þegar hann setur kaffibolla á borð fyrir tíðindamann Breiðholtsblaðsins í liðinni viku. „Ég verð trúlega helst skilgreindur sem íhaldssamur jafnaðarmaður hvort sem er í stjórnmalum eða kirkjulegum efnum þar sem ég hef lengst af starfað,“ segir Jónas en spurði síðan hvernig komumanni hafi tekist að finna hann lengst inni í botnlanganum – greinilega haft áhyggjur af slæmri ratvísi hans í Seljahverfinu en þau hjón Jónas og Ingibjörg Ingvarsdóttir kona hans búa innst í Engjaselinu. „Þetta er svolítil vandi því Engjaselið er safngata í gegnum hverfið en á hvergi umferðarrétt fyrir þvergötunum sem liggja út frá því. Þar gildir hægri regla á hverju horni nokkuð sem getur vafist fyrir ókunnugum. Ég hef aldrei alveg áttað mig á af hverju Engjaselið er ekki aðalbraut. Ef til vill er þetta bara arfur frá þeim tíma að hverfið var byggt en burtséð frá þessu er þetta frábært umhverfi - rólegt og skjólsælt.“

Jónas segir kunningskap við fólk í raðhúsalengjunni hafa ráðið því að þau fluttust í Seljahverfið. „Við höfðum eignast hús í Hveragerði á útivistar árum okkar. Sagan að baki því var sú að við höfðum átt litla íbúð á Akureyri sem við hugsuðum svona til þess að safna okkur upp í stærra húsnæði síðar. Á árinu 1980 komum við heim um tíma vegna veikinda móður Ingibjargar og þá keypti ég nýjan bíl af Peugeot gerð á svokölluðum diplómatanúmerum sem Íslendingum sem voru búsettir erlendis áttu kost á. Við fluttum bílinn heim en seldu hann síðan og þá sköpuðust nokkrir peningar sem við lögðum í húsið fyrir austan. Eftir að við fluttum heim og ég fór að starfa hjá Hjálparstofnun kirkjunnar og börnin í skóla hentaði ekki að búa fyrir austan fjall og fórum við Ingibjörg að huga að húsnæði fyrir fjölskylduna á höfuðborgarsvæðinu. Við áttum vínafólk í næsta raðhúsi við þetta hús hér. Þar bjó æskuvinkona Ingibjargar og sagði okkur frá því að húsið við hliðina væri til sölu. Við vorum ekki lengi að hugsa okkur um, gerðum tilboð í húsið og höfum verið hér síðan. Þótt Ingibjörg sé alin upp í Vesturbænum í Reykjavík þá á hún rætur í Breiðholti. Jón Jónsson og Björg Magnúsdóttir sem bjuggu í Breiðholti á síðari hluta 19. aldar voru afi hennar og amma en út af þeim er kominn talsvert stór ættbogi. Ingibjörg á því ættir úr Breiðholtsbænum.“



Jónas Þórisson og koma hans Ingibjörg Ingvarsdóttir ásamt fjölskyldu sinni í kveðjuhófi sem þeim var haldið þegar hann lét af starfi framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar í janúar 2014 en þá hafði hann starfað að kristniboði og hjálparstarfi í rúma fjóra áratugi.

Alin upp á Klettaborg

Jónas er frá Akureyri. Fæddur þar og uppallinn en hélt suður á bóginn til þess að setjast á skólabeck í Kennaraskólanum eins og hann hét þá. „Ég er fæddur við Strandgötuna á Akureyri. Beint á móti þar sem sjóflugvélnar lentu á Pollinum, þar sem Catalinan renndi upp að flæðarmálinu og flugfarþegarnir gengu á land á meðan notast var við þann ferðamáta. Þar átti ég heima fyrsta eina og hálfu árið en þá fluttu foreldrar mínir þangað sem heitir Klettaborg og er ofan gömlu verksmiðjulóðarinnar á Gleráreyrum þar sem verslunarmiðstöðin Glerártorg er í dag. Klettaborgin var lengi aðeins fjögur hús við eina götu upp í hliðinni. Þau stóðu öll sömu megin við götuna og voru númeruð frá eitt til fjögur í beinni línu sem var óalengt þegar byggt var við götur. Klettaborgin stóð lengi sér – nokkuð langt frá öðrum götum og byggingum en það voru fjórir starfsmenn Gefjunar á Gleráreyrum sem byggðu þarna og var faðir minn einn af þeim. Við vorum því nokkuð sér á parti – ekki Þorparar þar sem vorum innan Glerárinnar, ekki heldur Eyrarpúkrar, Brekkusniglar eða Innbæingar sem á þeim árum var kannski það versta. Þótt við byggjum innan árinna eins og sagt var gekk ég í

nokkra vetur í Glerárskóla – skóla Þorparanna. Ástæða þess var að ég var með skaða í mjöðm og var að notast við grind í nokkur ár og það var mun styttra fyrir mig að ganga með grindina yfir gömlu Glerárbúna yfir í Glerárskólann en inn í Barnaskóla Akureyri eða Barnaskóla Íslands eins og hann var kallaður á brekkubrúnni fyrir ofan miðbæinn á Akureyri. Hvað Klettaborgina varðar þá er hún komin inn í bæjarfélagið – inn í byggðina ef svo má segja. Gatan hefur verið lengd og fleiri hús byggð þótt enn skiptast jafnar tölur og oddatölur á í röðinni eins og var í upphafi enda aðeins byggt öðru megin hennar. Ég kem nokkuð oft til Akureyrar og fer þá gjarnan um æskuslóðirnar ofan við Gleráreyrarnar, horfi í kringum mig og fylgist með breytingunum sem hafa orðið.“

Verkamaður í garði drottins

Jónas hélt frá Akureyri til höfuðborgarinnar til þess að setjast á skólabeck í Kennaraskólanum en áður hafi hann kynnst starfi KFUM og KFUK í höfuðstað Norðurlands. „KFUM var með öflugt starf á Akureyri undir forystu Björgvins Jörgenssonar kennara sem stýrði því í áratugi. Þetta starf hafði áhrif á mig og ég hélt áfram að starfa með KFUM þótt ég væri kominn í

skóla í Reykjavík. Þetta varð trúlega til þess að ég fór ekki að starfa við kennslu að náminu loknu heldur varð verkamaður í garði drottins. Og þar hófst það sem ég kalla stundum heimspólítísk afskipti mín. Við Ingibjörg kynntumst í Kennaraskólanum og hófum í framhaldi af því búskap eins og sagt er. Við vorum ungar manneskjur og fengum köllun til þess að stunda kristniboð og það var úr að við fórum til kristniboðsstarfa í Eþíópíu í janúar 1973 nánar tiltekið til Konsó í suðvestur hluta landsins og vorum þar til 1987 eða í um þrettán ár næstum samfellt. Þetta var þó ekki um algert brautryðjendastarf hjá okkur að ræða því íslenskir kristniboðar höfðu komið þangað áður og má minnst á Felix Ólafsson einn fyrsta íslenska kristniboðann sem kom til Konsó árið 1954 og Skúli Svavarsson hafði verið allmörg ár við kristniboð í Kenía.“

Bábiljurnar voru miklar

Jónas segir að heimur Afríku hafi verið mjög ólíkur þeim sem þau hafi vanist hér heima. „Við vorum þó fljót að aðlagast þessu umhverfi og lífnaðarháttum innfæddra. Við vöndumst því að lifa án þess að hafa allar þær allsnægtir sem sem við þekktum að heiman. Við vorum ekki með rennandi vatn. Rafmagn

var af skornum skammti og vegirnir voru slæmir jafnvel í augum Íslendingans sem var þó vanur malarvegum sjöunda áratugar liðinnar aldar á Íslandi. Umfram allt var þó tilfinningin að vera að starfa við það sem skipti máli sem dróg okkur áfram. Þetta byggðist upp á því að nota kristindóminn til þess að fræða þetta samfélag. Þetta snerist bæði um andleg og líkamleg málefni eða eigum við að segja heilsuteng vegna þess að auk kristniboðsins og þeirra hugarfarsbreytinga sem þetta starf leiddi til voru reist sjúkraskýli þar sem hjúkrunarfræðingar komu til starfa og hægt var að beita vestrænum lækningaaðferðum sem voru mörgu fólk á þessu svæði algjörlega framandi. Með þessu starfi gátum við unnið á móti gömlum hindurvitnum sem voru víða ráðandi. Einkum var óttinn við anda forfeðranna, þeirra sem farnir voru, áberandi hjá þessu fólk og ótrúlegir hlutir framkvæmdir til þess að blíðka þá. Sumt af því snerti fæðingar og eitt af því sem fólk trúði var að ef börn fengu fyrst tennur í efri góm þá boðaði það illt, boðaði hefnd af hálfu forfeðranna og því yrði að deyða börnin. Við fundum þetta á eigin skinni, vissum af því og urðum jafnvel vitni að því börn á tanntökualdri voru tekin af lífi af ótta við þessa óskilgreindu hefnd forfeðranna. Það er líka merkilegt að þetta var ekki gert af



Hér er Jónas með innfæddum Konsóbúum á starfsvettvangi í Eþíópíu.

mannvönsku. Fólkið var ekki vont en fáfræðin var svo mikil og fólkið ríghélt í þessar fornu ógnir. Með kristindómi tókst að breyta þessu. Kristin kenning og siðfræði og aukin þekking og menntun urðu til þess að fólk fór að hugsa öðru vísi. Þessar bábiljur fortíðarinnar hurfu smám samna á þeim svæðum þar sem við vorum við störf.“

Um 130 tungumál

En var ekki erfitt að nálgast þetta fólk vegna tungumálaörðugleika. Ekki hefur það verið talandi á ensku. „Nei – því fór fjarri. Það eru um 130 tungumál í Eþíópíu einni. Sumir geta skilið eitthvað í tungum annarra en önnur málin eru svo einangruð að fólk skilur alls ekki hvort annað og stundum er ekkert ritmál til staðar. Kirkjunnar fólk hefur orðið að fást við að búa til ritmál og síðan að annast um þýðingar. Fyrst var nýja testamentið þýtt yfir á helstu tungur innfæddra einkum armensku. Þýðendur hafa notað tvær tákngæðir eða leturtýpur, armenska letrið og svo latínuletrið sem við notum. Það hafa ýmsir sérfræðingar í tungumálum komið að þessu starfi. Það hefur þurft að heimfæra hljóð og hugtök sem engin táknu voru til yfir í ritmál. Hreinlega að búa tákni til og mikil vinna getur legið að baki þess að búa til nothæft ritmál. En engu að síður er ritmálið undirstaða þess að innleiða læsi og menntun. Við reyndum að setja okkur inn í armensku sem er nokkuð útbreitt á meðal íbúa Eþíópíu en nú eru komin lög í landinu um að hver þjóðflokkur eigi rétt á að læra á sínu tungumáli þótt til séu tvö meginmál í landinu.“

Hungursneyðir og bylting

Jónas segir að þessi ár í Konsó hafi í raun verið mikil samfelld upplifun og mikil reynsla hafi safnast upp við þær gjörólíku aðstæður sem þurfti að fást við. „Eitt af því sem við upplifðum í Eþíópíu á þessum tíma voru tvær hungursneyðir sem gengu yfir landið af völdum þurrka árin 1974 og aftur 1984 en stjórn-málaástandið blandaðist einnig inn í. Haile Selassie var keisari Eþíópíu frá 1930 til 1974 en var steypt af stóli í byltingu í kjölfar fyrri hungursneyðarinnar. Eftir það komst Mengistu Haile Mariam til valda. Hann var marxisti og beitti aðferðum kommúnista meðal annars með fangelsunum og aftökum á fólki. Talið er að fleiri hundruð þúsundir fólks hafi verið drepin í stjórnartíð hans. Fólk sem var ekki samsinna hinni Marxisku kenningu. Hann var svona Fidel Castro Eþíópíu. Mengistu er enn á lífi og mun vera í Zimbabe í skjóli Roberts Mugabe.“

Að mörgu leyti betur sett

Jónas segir að þrátt fyrir allt hafi Eþíópía verið betur sett en mörg önnur Afríkuríki. „Eþíópía var aldrei nýlenda. Landið lenti reyndar undir Ítalíu um tíma í síðari heimsstyrjöldinni. Almenn er íbúar Eþíópíu stolt og heiðarlegt fólk sem ánægjulegt er að eiga samskipti við. Átök í landinu hafa minnkað eftir að stjórn Mengistu hvarf frá völdum og í dag er landið með einn hæsta hagvöxt Afríkuríkja. Nú eiga Íslendingar í samstarfi við Eþíópíu á sviði jarðhitamála því landið er á háhitasvæði. Þar eru eldfjöll og gnægð jarðhita sem má virkja og nýta. Við eigum margar góðar minningar frá Eþíópíu árunum og núna þegar ég er komin á eftirlaun þá höfum við farið út til sjálfbóðaliðastarfa. Við vorum um þrjú mánuði fyrr á þessu ári og hyggjumst fara aftur út í byrjun þess næsta. Þetta togar í mann.“

Fatasendingin bjargaði fjölda fólks

Jónas hvarf þó ekki alveg af erlendum vettvangi þótt hann væri komin til starfa heima á Íslandi. Hann fór meðal annars á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar til Íraks eftir fyrri Íraksstríðið sem oftast er nefnt Persaflóastríðið þegar Írakar voru hraktir til baka frá Kuvait. „Já – það er rétt ég fór þangað og komst í nána snertingu við stríðshráð svæði. Við hjá Hjálparstofnuninni vorum í samstarfi við hjálparstofnanir á Norðurlöndunum. Það hafði verið safnað miklu af fötum og við fylgdum eftir bílalest sem fór frá Danmörku alla leið til Norður Íraks. Við fórum með þrjátíu og þrjú 40 feta stóra gáma fulla af fötum. Við fórum frá Amman í Jórdaníu in til Bagdad og þaðan í norður. Í fjöllum Norður Íraks sá ég meiri snjó en ég hafði séð áður og er þó alin upp á Akureyri. Ég er þess fullviss að fatasendingin bjargaði lífi fjölda fólks sem annars átti á hættu að krókna. Við fórum seinna til Tyrkland og í gegnum Kurdistan inn í Írak og ég gleymi seint ferðinni á landamærum Kurdistan og Íraks þar sem við ókum eftir einskona einskismannslandi og fallbyssukjafarnir stóðu alls staðar út úr skotbyrgjunum. En við vorum látin í friði.“

Innlenda hjálparstarfið fer af stað

„Við komum heim 1987. Elsta dóttir okkar var komin í framhaldsskóla. Hún hafði gengið í norskan skóla ytra en okkur fannst að börnin þyrftu að fara í gegnum framhaldsnámið hér heima. Ég fór að starfa á skrifstofu Kristnibóðsambandsins en var svo ráðinn framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar 1990 sem síðar breyttist í Hjálparstarf kirkjunnar. Á þeim tíma voru verkefnið einkum

á erlendum vettvangi. Hér heima var tæpast gripið inn í nema að stórslys bæru að garði. Á árunum 1996 til 1997 hófst síðan einstaklingsaðstoðin og þá breyttist hjálparstarfið í það sem við þekkjum í dag. Ég var vanur erlenda hjálparstarfinu frá Eþíópíuárunum en nú þurftum við að fara að beita okkur að verkefnum hér innanlands og þá komu önnur málefni til okkar kasta. Við réðum félagsráðgjafa til starfa Vilborgu Oddsdóttur sem hefur reynst hjálparstarfinu hinn besti starfskraftur. Hún þekkti aðferðafræðina, hvernig hægt er



„Umfram allt var þó tilfinningin að vera að starfa við það sem skipti máli sem dróg okkur áfram,“ segir Jónas sem hér með innfæddum Konsóbúum. Strákofar eru í baksýn.

að takast á við fátækt í eigin landi. Við þurftum líka að byggja upp traust á hjálparstarfinu og afla því virðingar eftir áfall sem varð og ég tel að hafi tekist ágætlega. Hjálparstarfið hefur líka lagt áherslu á samstarf við aðila sem eru að sinna sambærilegum verkefnum í samfélaginu – aðila á borð við Mæðrastyrksnefnd sem hefur unnið af trúfestu og dugnaði á árunna rás. Ég tel líka árangursríkara af ræða við stjórnmalamenn og fá þá á sitt band en vera með upphrópanir og árásir vegna þess að við séum ekki sammála einhverju sem virðist ríkjandi á meðal þeirra eða á stjórnarheimili á hverjum tíma. Ég er mjög sáttur við veru mína hjá Hjálparstofnuninni og hjá hjálparstarfinu en fannst þegar ég var komin á eftirlaunaaldur að nú

þyrfti ég að fara að gefa nýju fólki tækifæri og ákvað að draga mig í hlé. Bjarni Gíslason tók við framkvæmdastjórninni af mér. Hann kemur úr sama ranni. Er sonur Gísla Arnkelssonar en Benedikt Arnkelsson föðurbróðir hans sinni kristnibóðsstörfum á sinni tíð. Bjarni kemur líka með reynslu frá Afríku.“ Ingibjörg kveður og segist vera að fara út í búð enda líður að hádegi. Jónas sendur upp og lítur út um gluggann. Á haustlitina í gördunum við Engjasetlið. „Hér höfum við átt mjög góð ár. Umhverfið er gróíð og samfélagið er gott þrátt fyrir stærðina. Hér hafa aldrei verið nein læti eða átök á milli húsa. Fólk er fríðsamt og við höfum átt því láni að fagna að eiga góða nággranna. Er hægt að hugsa sér það betra.“

KAFFI 111
GERÐUBERGI

Heitur matur í hádeginu alla virka daga
Kaffi – kökur – smáréttir

Opið alla virka daga frá kl. 8 – 18
(Mánudaga og miðvikudaga frá kl. 8-21)
Laugardaga og sunnudaga frá kl. 13 – 16

ISS
CATERING SERVICES

Íbúar í Árskógum ósáttir við breytt deiliskipulag

Íbúar á Árskógum 6 til 8 eru ósáttir við breytingar sem fyrirhugaðar eru í Suður Mjódd í Breiðholti miðað við tillögu að breyttu deiliskipulagi sem nú liggur fyrir. Nær allir íbúar Árskóga 6 til 8 hafa undirritað skjal þar sem gerðar eru ýmsar athugasemdir við deiliskipulagið. Suma þætti þess telja þau til góðs eins og bættu aðstöðu fyrir ÍR en segja að annað þurfi að endurskoða. Breiðholtsblaðið ræddi við þau Jónas Gestsson formann og Þóreyju S. Guðmundsdóttur, ritara húsfélagsins í Árskógum 6 til 8.

Í breytingunni felst heildarendurskoðun á eldra deiliskipulagi frá 2008. Helstu breytingar eru uppbygging á nýjum frjálsíþróttavelli og tengdum mannvirkjum á íþróttasvæði ÍR við Skógarsel 12, ásamt breytti staðsetningu á keppnisvelli og stúku. Við Árskóga 2 er nýr byggingarreitur norðan við núverandi byggingar vegna stækkunar á hjúkrunarheimili. Við Árskóga 1 til 7 verður íbúðum fjölgað úr 100 í 104, ásamt breyttu fyrirkomulagi uppbyggingar. Deiliskipulags-svæðið afmarkast af Reykjanessbraut, Breiðholtsbraut, Skógarseli og jaðri íbúðabyggingar við Þverársel og bæjarmörkum að Kópavogi.

Þau benda á að eftirfarandi ályktun hafi verið send til Skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar 3. júlí 2015. „Vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi í Suður-Mjódd, vilja undirritaðir íbúar í Árskógum 6 og 8, koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Við fögnum fyrirhugaðri uppbyggingu fyrir íþróttastarfsemi á ÍR svæðinu. Og hefðum raunar



Á myndinni er tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir sama svæði þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðum mannvirkjum sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi.

talið eðlilegt að ÍR hefði fengið allt svæðið til framtíðaruppbyggingar. Meðal annars til byggingar frjálsíþróttaleikvangs en heildarsvæðið er um 17 hektarar.

2. Varðandi byggingar við Árskóga 1 til 7 þar sem reiknað er með fjórum húsum, hvert þeirra verður fimm hæðir. Þá munu þessar byggingar skerða útsýni íbúa í Árskógum 6 og 8, því teljum við þessar byggingar of háar.

3. Við erum algjörlega andvíg byggingum 7 húsa, 5 til 7 hæða við Álfabakka 2, fyrir verslunar- og

skrifstofuhúsnæði. Þetta mun auka mjög umferð í hverfinu. Jafnframt óttumst við að á einhverjum tímapunkti gætu Borgaryfirvöld leyft þarna íbúðabyggingu.

4. Í sambandi við fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð Árskóga 2 til 10, er rétt að geta þess að lóðin er óskipt. Fyrirhuguð stækkun á Skógarbæ, Félagsmiðstöð og færsla á þúttvelli, hlýtur þar af leiðandi að vera gerð í samráði við eigendur viðkomandi eigna.

Í bréfi íbúanna til skipulagsfulltrúa er fyrirhugaðri uppbyggingu á ÍR-svæðinu fagnað en þeir telja að eðlilegra væri að eftirláta ÍR allt svæðið til framtíðaruppbyggingar. Jónas og Þórey benda á að fyrirhugað sé að byggja stórt íþróttahús á ÍR svæðinu og einnig að hugmyndir séu um að framtíðar

frjálsíþróttasvæði Reykjavíkur verði á ÍR-svæðinu.

Skerða útsýni og athafnafrelsi

Íbúarnir telja að fyrirhugaðar byggingar við Árskóga 1 til 7 þar sem gert er ráð fyrir fjórum fimm hæða húsum muni skerða útsýni íbúa í Árskógum 6 og 8 verulega vegna hæðarinnar. Þá eru íbúarnir algerlega andvígir byggingu sjö fimm til sjö hæða húsa við Álfabakka 2 til 10 fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Bent er á að þessar byggingar muni kalla á vaxandi umferð í hverfinu og íbúarnir óttist einnig að þetta opni leið þess að borgaryfirvöld muni á einhverjum tíma leyfa að þarna verði íbúðabygging. Jónas og Þórey benda á í sambandi við

fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð Árskóga 2 til 10 að lóðin sé óskipt. Fyrirhuguð stækkun á Skógarbæ, bygging félagsmiðstöðvar út á núverandi þúttvöll og færsla á honum hljóti þar af leiðandi að verða gerð í samráði við eigendur viðkomandi eigna. Flestum hljóti einnig að vera ljóst að þessar framkvæmdir muni þrengja að ÍR-svæðinu og starfsemi þess. Þá sé einnig ljóst að umferð muni aukast verulega einkum ef koma til byggingar verslana, þjónustu og skrifstofuhúss við Álfabakka.

Útsýni og aðstaða mun hverfa

En það er ekki bara útsýni og aukin umferð sem íbúar við Árskóga 6 til 8 hafa áhyggjur af heldur telja þeir að ýmis aðstaða sem nú er á svæðinu muni skerðast eða að jafnvel þurfi að taka hana af. Fyrirhugað er að tengja húsin við Árskóga 1 til 7 við félagsmiðstöðina í Árskógum á einhvern hátt, með göngum eða rampi og einnig þurfi að stækka bygginguna sem hýsir matsalinn og jafnvel að byggja ofanjarðargöng út á þúttvöllinn. Bent er á að aðeins verður um 10 metrar á milli þeirra húsa sem fyrir eru og að þessum viðbótarbyggingum sem tengjast félagsmiðstöðinni og útsýnið gæti orðið aðeins út í næsta vegg.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

JÓLAD GATAL

Fáðu þér eintak og skreyttu

það með 24 Happaprennum



www.tattoo.is

CLASSIC TATTOO
REYKJAVÍK

Opið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga

tattoo@tattoo.is

Sími: 7722171

Arnarbakki 2

Allt að 500 nýjar íbúðir í Breiðholti á skipulagstímabili

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 2010 til 2030 sem var samþykkt í borgarstjórn þann 26. nóvember 2013 er gert ráð fyrir talsverðum byggingaframkvæmdum í Breiðholti. Þar á meðal er gert ráð fyrir nýrri lágreistri íbúðarbyggð með allt að 50 íbúðum á opnu svæði austan við Suðurfell og nokkurri þéttingu byggðar í suður Mjódd og einnig á efri hæðum verslunar- og þjónustuhúsa við Fellagarða og Blöndubakka. Þá er gert ráð fyrir íbúðum við Suðurrhóla og Hólberg/Gerðuberg. Áætla má að um sé að ræða um 500 nýjar íbúðir og allt að 45.000 fermetra atvinnuhúsnæðis á skipulagstímabilinu. Í hverfisskipulagi verða þéttingarmöguleikar kannaðir frekar en í aðalskipulaginu er aðeins sett bindandi stefna fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu.

Gert er ráð fyrir möguleikum á um 50 íbúðum við Fellagarða þar sem verslanir og þjónusta verða á fyrstu hæð húsa en íbúðir heimilrar á efri hæðum. Við Suðurrhóla er gert ráð fyrir íbúða byggð – einkum fyrir eldri borgara auk opins svæðis eða svæði tengt íþróttastarfsemi. Í skipulaginu er gert ráð fyrir hverfiskjarna með fjölbreyttri þjónustu við Gerðuberg. Kjarna með verslun, stofnunum og félagsstarfsemi fyrir íbúa hverfisins og borgarhlutans, auk íbúða og opins svæðis auk þess sem veitingastaðir í flokki I og II verða heimilir. Á svæðinu eru nú þegar nýbyggðar 49 íbúðir fyrir eldri borgara í samtengdum húsum á tveimur til þremur hæðum ásamt bílageymslukjallara. Íbúðirnar tengjast með beinum hætti félagsþjónustu í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Íbúðir við Suðurfell og Arnarbakka


Á svæðinu austan við Suðurfell, sem nú er opið svæði til sérstakra nota má gera ráð fyrir lágreistri sérþýlishúsabyggð á um fjögurra hektara svæði, fyrir um 40 til 50 íbúðir á einni til tveimur hæðum þar sem yfirbragð byggðarinnar taki mið af jaðarbyggð hverfisins. Við Arnarbakka er áformað að taka svæði sunnan götunnar þar sem nú er opið svæði til sérstakra nota. Það svæði má mögulega nýta fyrir sértækar íbúðir á borð við sambýli, húsnæði fyrir aldraða eða þjónustu í þágu hverfisins. Gert er ráð fyrir að byggðin verði lágreist, ein til tvær hæðir, sem fellur vel að útivistarsvæðinu. Við Raufarsel þar sem upphaflega var ætluð kirkjulóð má gera ráð fyrir 10 tveggja hæða sérþýlishúsum.

Ýmsar framkvæmdir og fjölgun íbúða í Mjóddinni

Þá er komið að lokakaflanum í aðalskipulega Reykjavíkur þar sem fyrst má vænta framkvæmda en það er suður Mjóddin. Gert er ráð fyrir atvinnulóðum allt að 30 þúsund fermetrum með fram Álfabakka. Þar verði um atvinnuhúsnæði á bilinu fimm til sjö hæðir að ræða en skipulagið gerir ekki ráð fyrir íbúðabyggð. Hins vegar er gert ráð fyrir að stækka

íbúðasvæðið við Árskóga um einn hektara þar sem byggja megi um eitt hundrað íbúðir fyrir eldri borgar í allt að fjögurra hæða húsum. Skipulagið gerir einnig ráð fyrir að styrkja beri norður

Mjóddina og svæðið þar í kring með þéttingu og að þar verði blönduð byggð. Gera má ráð fyrir allt að 100 til 200 íbúðum auk um 30 þúsund rúmmetra verslunar- og þjónustuhúsnæðis.



St. gahúsa teppi Mikið úrval!

25 ára reynsla

Viðurkennd gæðateppi, slitsterk, ofnæmisprófuð og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna og léttir þrif.

Mælum og gerum tilboð án skuldbindinga og kostnaðar

Sérverslun með teppi og parket

PARKET & GOLF

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888

www.parketogolf.is

Hugsunin er að gera eitthvað fyrir hverfið

Aðalfundur Íbúasamtakanna Betra Breiðholt var haldinn miðviku-daginn 21. október í Gerðubergi. Breiðholtsblaðið ræddi við Helga Kristófersson fráfaraformann að loknum aðalfundinum en hann hefur veitt samtökunum forstöðu um árábil en gaf ekki kost á sér til endurkjörs að þessu sinni.

Helgi sagði að þátttaka í samtökum eins og Íbúasamtökunum Betra Breiðholt sé bæði skemmtileg og gefandi og oft beri starfið árangur en stundum ekki. „Samtökunum eru fyrst og fremst vettvangur þar sem fólk sem þykir vænt um hverfið sitt gefst kostur á að koma málefnum á framfæri og fylgja eftir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Í gegnum starfið hefur maður fræðst um margt og þekkingin sem hefur skapast á því að vera í þessum samtökum er ómetanleg.“ Helgi segir að alrei verði hægt að setja niður á blað allt það sem komið hafi fyrir. Margt sé jákvætt og annað síður. Hann segir að almennt séð hafi verið um góð samskipti að ræða við borgaryfirvöld sem hafa sýnt mikilvægi þessara samtaka skilning. Hugsunin með svona samtökum sé alltaf sú að gera eitthvað fyrir hverfið og nágrenni þess. Þetta sé sjálfböðavinna sem skilar ánægjulegra umhverfi og árangur sem nýtist okkur íbúum.“

Komum í veg fyrir spilasalinn

„Við í Íbúasamtökunum höfum í gegnum árin haldið fundi með frambjóðendum til borgarstjórnar og alþingiskosninga og hefur það skilað hverfinu oftan en ekki einhverju skrefi í rétta átt. Við höfum átt fundi með hverjum borgarstjóra sem hefur verið við völd og þetta hafa verið ánægjulegir og fróðlegir

fundir fyrir alla. Eitt af því sem íbúasamtökin beittu sér fyrir var að koma í veg fyrir að spilasalur væri opnaður í Mjóddinni. Það tókst með aðstoð góðra manna og er það hlutur sem við erum mjög hreykin af að hafa náð í gegn. Það væri ekki gott ef það hefði tekist að opna þann sal.“

Reykjavíkurborg hefur hafnað umferðaröryggi

Helgi segir að umferðaröryggið hafi ætíð verið ofarlega á blaði íbúasamtakanna sem hafi barist fyrir auknu umferðaröryggi og öðru sem kemur að lagfæringum og því sem betur megi fara á einhvern hátt. „Við höfum lagt mikið upp úr að fá mislæg gatnamót á Bústaðaveg/Reykjanesbraut. Það hefur ekki náðst í gegn enn. Það kemur að því að menn opna augun fyrir þeirri staðreynd að það er verk sem óhjákvæmilegt er að framkvæma.“ Helgi segir það eðlileg þróun umferðar en eftir að hafa kynnt sér þessi mál finnst sér margt skrytið í kúrhausnum að þessu leyti. Að þurfa að þvera þrjá akreinar á leiðinni frá Stekkjarbakka til að ná yfir á Bústaðaveg sé furðulegt og þar hafi orðið aftanákeyrslur sem hafa valdið miklu tjóni bæði líkamlegu og eignum. „Mislæg gatnamót sem myndu gera það að verkum að umferð af Reykjanesbraut og vestur Bústaðaveg færi hægra megin á Reykjanesbraut og undir götuna til vesturs væri einhver arðsamasta þjóðvegaframkvæmd í landinu af þessari stærðargráðu. Það var lagt til hliðar fjármagn í þessa framkvæmd á sínum tíma og það hefur verið gert ráð fyrir henni í aðalskipulagi Reykjavíkur í um 30 ár. Einkennilegt má telja að fjármagnin var til frá ríkinu en Reykjavíkurborg hafnaði auknu umferðaröryggi.“



Hluti fundarmanna á aðalfundi BB í Gerðubergi.

Breiðholtið fékk samgöngublómið

Fyrir fimm árum í september 2010 tók Breiðholtið við samgöngublóminu en það er táknræn hvatning borgaryfirvalda til íbúa í Breiðholti til þess að fjalla sérstaklega um hvernig bæta megi samgöngur í hverfinu. „Íbúasamtökin komu að þessu starfi og lögð var aðaláhersla á að samtenging ljósa um Breiðholtsbraut væri komið á. Í dag er staðan þannig að þessi ljós eru öll tölvutengd og ætíð að vera orðið auðvelt að stýra flæði umferðar til betri umferðarmeningar. Þetta verkefni hefur að okkar mati ekki tekist nægilega vel.“

Hvenær kemur göngubrúin?

Helgi segir að árum saman hafi verið óskað eftir því að göngubrú sem átti að koma á mótis við Select og yfir Breiðholtsbraut yrði sett upp. „Þessi brú kom inn á skipulagið fyrir um 35 árum. Þegar bókasafninu í Seljahverfi var lokað var lofað að göngubrúin kæmi fljótlega og því væri þetta í lagi en ekki hefur enn verið



Helgi Kristófersson flytur skýrslu stjórnar á aðalfundinum 21. október sl.

staðið við gefin loforð. Þessi brú fór út af aðalskipulagi en fyrir stífni íbúasamtakanna kom hún aftur inn.“

Skíðalyftan komin í gang

Undanfarin ár hafa Íbúasamtökin þrýst mikið á að skíðalyftan yrði sett í gang og aðstaðan þar í kring verði bætt.

Það hafðist í gegn eftir mikla ýtni í nokkuð langan tíma. Mikil ánægja ríkir með þessa framkvæmd í dag og ætíð því ekkert að vera til fyrirstöðu að hafa opið á meðan snjór er. Þetta er ein af skrautfjöldum hverfisins og fátt ætíð að vera því til fyrirstöðu að hafa hana opna þegar snjór er á jörðu.“

Breyta þarf truckastæðinu við Seljabraut

Helgi segir að nokkur stæði fyrir vöru- og sendibifreiðar séu í Breiðholti og íbúasamtökin hafi óskað eftir að tveimur stæðum verði breytt. „Við viljum að öðru stæðinu sem er í Hólhverfi var lokað þannig að þar verða ekki trukkar fram. Við teljum einnig að breyta þurfi stæði við Seljabraut þannig að fólksbílur geti notað það. Íbúar hafa lengi barist fyrir þessu og var tillaga um þessa breytingu borin upp í borgarstjórn fyrir nokkru en var hafnað. Flestir í borgarkerfinu þekkja þessa baráttu og er það einkennilegt að svona einföld breyting fari ekki í gegn.“

Opið fræðsluerindi um TÖLVUFÍKN




Viltu fræðast um tölvufíkn og afleiðingar hennar? Viltu vinna gegn hömluleysi barna og unglunga í tölvunotkun?

Geðheilsustöð Breiðholts og Hugarafli standa fyrir fræðsluerindi um tölvufíkn.

12. nóvember, kl. 17:00-19:00
í Borgartúni 22, 3.hæð (Flugfreyjusalurinn).

Fyrirlesari er Þorsteinn Kristjánsson Jóhannsson framhaldsskólakennari. Hann hefur glímt við tölvufíkn frá 1979 og það var ekki fyrr en árið 2003 að hann fór að taka á sínum málum. Þorsteinn er ekki hættur í tölvunni en hún er ekki lengur efst í forgangs röðinni. Hann hefur haldið forvarnar fyrirlestra gegn tölvufíkn frá 2006 og fengið góðar undirtektir. Allir sem áhuga hafa eru hvattir til að mæta!

Allir velkomnir – Aðgangur ókeypis



Kristín Egilsdóttir, hárgreiðslumeistari

Ný hárgreiðslustofa í Rangárseli

Við byggjum á mikilli reynslu og þjóðum fyrsta flokks þjónustu fyrir dómur, herra og börn á öllum aldri. Kiktu við eða pantaðu tíma í 557 9903.

Við hlökkum til að sjá þig.

MARMÍK
HÁRGREIÐSLUSTOFA



Afgreiðslutími: Mán.-fös. 10-18 Tím pantanir: 557 9903

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!



JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAVARJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Jóhanna Dýrunn kjörin formaður Betra Breiðholts

Kynningarmálin eru ofarlega á baugi

Fjórir nýir meðlimir voru kjörnir í stjórn íbúasamtakanna Betra Breiðholts á aðalfundi þeirra 21. október sl. Þær eru þær Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, formaður, Berglind Magnúsdóttir, varaformaður, Guðný Halla Hauksdóttir gjaldkeri og Guðrún Eiríksdóttir ritari. Auk þeirra voru kjörnir inn tveir varamenn það eru þau Ólafur Helgason og Aðalheiður Hannesdóttir, áfram sitja í stjórn Gunnar H. Gunnarsson, Grétar Samúelsson og Magnús Valdimarsson.

Jóhanna Dýrunn segir nýja stjórn hugsa af miklum hlýhug og hlakkar til samstarfsins með hverfisráði og öðrum ráðum og félögum í hverfinu. Hún segir stjórnina ekki hafa setið langa fundi frá því að kjör átti sér stað en nokkuð ljóst að nýir stjórnarmeðlimir séu samhuga um að leggja meiri áherslu á félagslegri þætti en áður. Hún segir mikinn auð vera að finna í fólki í hverfinu, enda stórt hverfi með íbúum með ólíkar skoðanir sem tala ólík tungumál og með ólíkan bakgrunn. „Í svona stóru hverfi hafa íbúar því reynslu og hugvit sem væri gaman að virkja með einhverjum hætti. Telur stjórnin að við náum bestum árangri ef íbúar taka virkan þátt í til dæmis því nefndarstarfi sem lagt er upp með á komandi starfsári.“ Eftirfarandi nefndir hafa þegar verið lagðar til og tekið er á móti hugmyndum að öðrum nefndum á facebook síðu samtakanna, sem finna má undir íbúasamtökin Betra Breiðholt eða með því að senda póst á betrabreidholt@gmail.com

Hjólnefnd/ hjóladagsnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að standa að Hjóladeginum, þar sem hugmyndin er að virkja unga sem aldna til hjólreiða á vorin. Aðrar hugmyndir hafa einnig verið ræddar svo sem að setja upp hjólreiðahóp og vinna í auknum sýnileika hjólreiðafólks í hverfinu. Íbúar gætu tekið sig saman og veitt aðstoð við að gera hjólin tilbúin fyrir sumarið og jafnvel staðið fyrir skiptimarkaði á notuðum hjólum.

Fjölmiðlanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að því að senda og skrifa jákvæðar fréttir um hverfið okkar, senda á fjölmiðla og koma í birtingu, hugmyndir hafa einnig verið ræddar um að fá nemendur í fjölmiðlafræði í FB nefndinni til aðstoðar og stuðnings. Nefndin hefur einnig með athygli veitt fjölmiðlum aðhald þegar kemur að umræðu um Breiðholtið.

Hreinsidagsnefnd

Hreinsidagar eru ekki nýtt fyrirbæri, en þeir mættu mögulega vera oftar en einu sinni á ári og þá jafnvel samræmdir á milli lóða í hverfinu, þannig er stefnt að því að móta skemmtilega stemmingu og auka samhug sem snýr að hreinna og betra umhverfi. Einnig er lögð áhersla á hvernig við getum viðhaldið hreinu umhverfi utan skipulagðra hreinsidaga.

Laganefnd

Helstu verk laganefndar er að rýna og bæta lög íbúasamtakana sjálfra, koma þar með tillögur að hvað megi betur fara, hugmyndin vaknaði á aðalfundi félagsins nú árið 2015 þegar gerðar voru nokkrar athugasemdir við lög félagsins

Markaðsnefnd

Helstu verk markaðsnefndar er að skipuleggja markaði af ýmsu tagi í hverfinu. Til dæmis flóamarkaður fyrir börn, Alþjóðamarkaður, jólamarkaður og annað sem áhugi er

fyrir. Þegar eru einhverjir markaðir orðnir reglulegir en það berast alltaf einhverjar beiðnir og fyrirspurnir varðandi fleiri eða aðra markaði á ári hverju.



Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir.

Þurfum að skilgreina áherslu og markmið

Jóhanna segir að kynna starf íbúasamtakana og þau verkefni sem samtökin standa að í samstarfi

við aðra hópa í hverfinu geti verið flókið verk, þar sem að hverfið er stórt og íbúar tala mjög mörg tungumál. Þannig geti verið kostnaðarsamt að kynna verkefni félagsins og miklar og krefjandi áskoranir fyrir þá sem hafa áhuga á að láta reyna á krafta sína hér. „Íbúasamtökin gætu þurft að skilgreina betur hvernig það getur náð árangri fyrir íbúa hverfisins og hvernig það aðgreinir sig frá öðrum hagsmunahópum. Skilgreina áherslu og markmið, með ánægju íbúa Breiðholts að leiðarljósi. Ef þú hefur áhuga á að starfa í einhverri af fyrrnefndum nefndum hvetjum við þig til að hafa samband við okkur á tölvupóstfangið betrabreidholt@gmail.com og við tengjum þig við aðra sem einnig hafa áhuga á að starfa í nefndinni,“ segir Jóhanna að lokum.

Sírius Konsum

KAKÓ

Sírius Konsum fléttast við íslenskt þjóðlíf á einstæðan hátt. Um áratugaskeið hefur þetta ljúffenga gæðasúkkulaði gegnt ótrúlegustu hlutverkum, bæði á hátíðarstundum og í daglegu lífi; í bakstrinum þegar mikið liggur við, drukkið heitt með rjóma á köldum degi, verið nesti á ferðalögum um hálandið og gómsætur moli með kaffinu, svo eitthvað sé nefnt. Sírius Konsum kakó er framleitt úr besta fánlega hráefni. Sættu þig ekki við málamíðlanir þegar kakó er annars vegar.

— VELDU SÍRÍUS KONSUM KAKÓ —



NS
NÓI SÍRÍUS
www.noi.is



Verið velkomin í
**MENNINGARHÚS
GERÐUBERGI**

allir
viðburðir
ókeypis

Jazz í hádeginu

Mínir upphalds standardar

Snorri Sigurðarson, Ásgeir Ásgeirsson
og Leifur Gunnarsson

Föstudaginn 13. nóvember kl. 12:15-13:00
Sunnudaginn 15. nóvember kl. 13:15-14:00



Safnbúðin í Gerðubergi

Pú finnur gjafir sem gleðja
í safnbúðinni okkar



BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

Sími 411-6170
gerduberg@reykjavik.is | www.borgarbokasafn.is

Yfir eitt þúsund konur á Garðheimakvöldi

Vinkvennakvöld Garðheima var haldið í tíunda skiptið miðvikudaginn 4. nóv. sl. Kvöldið var hið allra skemmtilegasta með Góa, sem fór algjörlega á kostum, sem veislustjóri.

Ríflega eitt þúsund konur mættu og gerðu sér glaðan dag, snæddu kvöldverð á Spírinni, nutu kvöldsins og kynntu sér allt það nýjasta í jólatískunni fyrir 2015. Blómaskreytar, hönnuðir og stílistar Garðheima voru með sýnikennslur og veittu ráðgjöf í jólastreytingum. Dansfélag Hafnarfjarðar var með glæsilegt dansatriði, Tískuvörverslunin Zik Zak var með stórskemmtilega tiskusýningu með leikkonurnar Helgu Brögu og Brynju Valdísi í fararbroddi, auk þess sem fjöldi kynningaradila voru með smakk af ýmsu góðgæti. Þá gekk fjöldi



kvenna út með vinning í töskunni, en ríflega 20 vinningar voru dregnir út úr lukkupottinum.

Kvöldið var virkilega vel heppnað í alla staði og vilja Garðheimar þakka öllum fyrir komuna.



Góðar gjafir á góðu verði

Jólabasar

Hölvina Grensásdeildar

laugardaginn 14. nóvember 2015

kl. 13-17

í safnaðarheimili Neskirklju.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Um 150 manns á tíu ára afmæli Handarinnar

Um 150 manns tóku þátt og skemmtu sér á 10 ára afmælishátíð mannúðar- og mannræktarsamtakanna Handarinnar sem haldin var 4. nóvember sl.

Meðal atriða á dagskránni voru söngur frá karlakór Kjalnesinga, uppistand frá Þorsteini Guðmundssyni og fyrirlestur frá Eyþóri Eðvarðssyni vinnustaðasálfræðingi. Höndin er alhliða mannúðar- og mannræktarsamtök sem leitast við að vera vettvangur fólks til sjálfstyrkingar og samhjálpar og liðsinnir þeim og þá sem leita til félagsskaparins. Hjálp við fólk snýr ekki síst að þeim sem eru að feta sín fyrstu skref til nýs lífs eftir ýmis áföll og vera farvegur fólks í átt til þátttöku í samfélaginu, bæði hvað varðar félagslega færni og atvinnuþátttöku. Kjörorð handarinnar er að hver og einn skipti máli – allir séu með. Höndin þakkar félögum Handarinnar og velunnurum stuðninginn í gegnum árin.



Frá afmælisfagnaðinum á dögnum



Hópurinn sem tók þátt ásamt leiðbeinendum.

Frumkvöðlamennt í FB

Fyrstu 24 tíma frumkvöðlabúðirnar á Íslandi voru haldnar í FB á dögunum. Mjög vel tókst til og tóku alls 30 nemendur þátt. Þátttakendur komu úr FB, FG, FÁ, Borgarholtsskóla, Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum og Verzlunarskóla Íslands og var nemendum skipt í lið þvert á skóla.

Tilgangur frumkvöðlabúðanna er að örva

nýsköpunar- og frumkvöðlahugsun nemenda. Nemendur fá raunverulegt viðskiptatengt verkefni sem reynir á samvinnu, sjálfstæði og frumkvæði og vinna að því sleitulaust í 24 tíma. FB fékk styrk frá Sprotasjóði til verkefnisins. Ari Tornberg frumkvöðlakennari frá Finnlandi var leiðbeinandi í búðunum ásamt kennurum FB.



Á myndinni eru; Berglind Halla Jónsdóttir áfangastjóri, Sigrún Gísladóttir kennari á sjúkraliðabraut, Ágústa Jóhannsdóttir kennari á sjúkraliðabraut, Ágústa Unnur Gunnarsdóttir kennari.

Kennarar FB

í Tékklandi

Í næst síðustu viku fóru þrjú kennarar frá FB ásamt áfangastjóra í náms- og kynnisferð til Tékklands. Dvaldi hópurinn í bænum Liberec skammt frá Prag.

Hópurinn kynnti sér skólakerfi Tékklands og fylgdist með kennslu og starfsþjálfun sjúkraliðanema í eina viku

í framhaldsskóla þar í landi með styrk frá EEAS sjóðnum. FB mun svo taka á mótí hópi tékkneskra kennara og stjórnenda í apríl 2016. Erlent samstarf er mjög öflugt í FB og tekur skólinn þátt í fjölmörgum evrópskum og norrænum verkefnum

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

www.breiðholt.is

**40% afsláttur gegn framvísun
þessarar afklippu.
Gildir í október og nóvember 2015**

40 ára

Afmælistilboð

40% afsláttur af dekkjum

Eigum flestar

stærðir af fólksbíladekkjum

Gefum einnig 40% afslátt

af sjálfsábyrgð kaskótjóna

Umfelgun kr. 5.000.-

Tímamantanir í síma 554 4550



**- Fyrstur kemur
fyrstur fær -**



MÁLNINGARVERK

Hyrjarhöfða 2

Sími 554 4550

Velheppnuð fjölmenningshátíð í Breiðholtsskóla

Að minnsta kosti mættu um 600 manns mætti á fjölmenningshátíð sem haldin var í Breiðholtsskóla laugardaginn 31. október. Hátíðin heppnaðist mjög vel í alla staði en þar kynntu börn, ungmenni, foreldrar og aðrir íbúar hverfisins og fræddust um fjölbreytta menningu samborgara sinna.

Hátíðin var grasrótarkerfni, unnin í samvinnu við foreldra barna í hverfinu, foreldrafélag Breiðholtsskóla, leikskólana Borg, Bakkaborg og Breiðholtsskóla. Hugsun á bak við hátíðina var að tengja nærsamfélagið í hverfinu betur saman, auka félagsauð, kynnst ólíkum menningarheimum þannig að börn, foreldrar og íbúar hverfisins upplifi sameiginlega þætti hvors annars sem eru á sama tíma ólíkir. Á fjölmenningshátíðinni gafst íbúum hverfisins tækifæri til að koma og kynnst menningu fjórtán ólíkra landa víðs vegar um heiminn. Löndin sem tóku þátt í hátíðinni voru auk Íslands; Albanía, Kosovo, Marokkó, Síryland, Túnis, Hvíta-Rússland, Úkraína, Tæland, Filippseyjar, Kanda, Nepal, Sri Lanka og Pólland. Íþróttar og



Kynnt voru menningartengt atriði frá fjölmörgum þjóða.

tómstundafélögum í Breiðholti var boðið að koma og kynna starfsemi sína. Hugsunin var að færa nærþjónustu til þeirra íbúa sem komu og tóku þátt í hátíðinni. Þau félög sem tilkynntu komu sína voru ÍR, Sundfélagið Ægir, Dansskóli Brynju Péturs, Skátafélagið

Segull, Félagsmiðstöðin Bakkinn, Móðurmál, samtök sem bjóða upp á tungumálakennslu fyrir tvítýngd börn sem og Þjónustumiðstöð Breiðholts frá Reykjavíkurborg sem kynnti frístundarkortið og sína starfsemi.



Náttfatapartý, félagsmiðstöðvadaður og rímnaflæði

Mikið hefur verið í gangi í félagsmiðstöðvum í hverfinu undanfarið. Föstudaginn 30. október var náttfatanótt í Bakknum, Hundraðogellefu og Hólmaseli en þar komu krakkar saman og léku sér í félagsmiðstöðvunum yfir heila nótt. Boðið var uppá skemmtilega dagskrá á öllum stöðum þar sem til dæmis hún Sigríður Klingenberg lífskúnnar með meiru mætti í heimsókn.

Félagsmiðstöðvadaðurinn var 9. nóvember en hann er haldin hátíðlegur í öllum félagsmiðstöðvum á Íslandi. Ópið var fyrir alla bæði unga sem aldna og voru margir sem litu inn og kynntu sér starfsemi okkar og aðstöðu. Boðið var uppá kaffi, kökur og fleira góðgæti. Næst á dagskrá hjá okkur eru Rímnaflæði og Stíll. Rímnaflæði fer fram föstudaginn 27. nóvember, Rímnaflæði er rapp keppni sem



fer fram í félagsmiðstöðinni Hundraðogellefu þar sem ungir og upprinnandi rapparar fá að láta ljós sitt skína. Hönnunarkeppnin Stíll fer síðan fram daginn eftir eða

laugardaginn 28. nóvember í Hörpu. Í Stíll keppa krakkar í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema, þemað í ár er náttúra.



Fólk klæddist líka búningum frá löndum þaðan sem það er ættað.

Ópið alla daga frá kl. 11 til 23.

Kebab Express



Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Coca-Cola



Kæru Breiðhylltingar

Í dag fimmtudag milli kl. 16-18 verðum við með kynningu á Matrix hárnýrtivörum.

Verið velkomin

Einnig minnum við á að panta tímanlega fyrir jólin.

Rannveig, Emý og Svea.

KLIPP-ART

H Á R G R E I Ð S L U S T O F A N

Hólagarði • Sími: 5572653

Fab Lab opnaði huga minn

... segir Arnar Daði Þórisson

Arnar Daði Þórisson er 22 ára Breiðhýltingur sem kynntist Fab Lab í gegnum Menntun núna verkefnið 2014 og hefur verið fastagestur og leiðbeinandi þar síðan. Arnar Daði er fæddur og uppalinn í Breiðholti, hann á þrjú systkini, kærustu og þriggja ára gamla dóttur.

„Það var rosalega gaman að alast hér upp alltaf mikið í gangi, í dag er hverfið allt öðruvísi en fólk heldur, fyrir 10 til 15 árum var erfitt að skilja hjólið sitt eftir úti en það er hægt að gera það núna, allt orðið miklu rólegra, flottara og það er líka meira hægt að gera,“ segir Arnar. Arnar var í Hólabrekkuskóla, leiðin lá síðan í grunnnám rafiðnar fyrst í Tækniskólann og síðan í Fjölbautaskólann í Breiðholti en hann lauk ekki náminu. Aðspurður um ástæður þess þá sagði hann þær vera skort á áhuga, ég fann ekki þörfina til að læra, vissi að það væri skynsamlegt en hafði meira gaman af því að prufa mig sjálfur áfram með því að taka sundur og setja saman hluti.“

Kynntist Fab Lab í tengslum við Menntun núna verkefnið

Arnar tók þátt í Menntun núna verkefninu í Breiðholti sem varð til þess að hann kynntist Fab Lab en á þeim tíma var hann atvinnulaus og fékk boðun frá Vinnuálastofnun um að mæta á námskeið hjá Námsflokkanum þar sem þrjú dagar voru bóklegt nám og einn dagur í Fab Lab en fyrsta daginn sem hann mætti þá varð hann heillaður. „Fab Lab opnaði huga minn en ég hafi verið að hugsa um að koma og var með nokkur verkefni í huga en það að koma á staðinn galopnaði hugann og ímyndunaraflíð sprakk út en það er svo rosalega margt sem hægt er að gera hérna.“ Og ertu búinn að vera meira og minna í Fab Lab síðan, að hverju ertu að vinna núna? „Já eiginlega, nú er ég að búa til box til að stokka fyrir þig, upphaflega hugmyndin var að útbúa box fyrir borðspil sem heitir „Magical gathering“ en það eru mörgum sem finnst erfitt að stokka,“ segir Arnar sem hefur mjög gaman af ýmiskonar borðspilum.

Langar að kenna fólki að nýta sér Fab Lab

Eftir fyrsta námskeiðið gafst Arnari kostur á, í gegnum Vinnuálastofnun, að fara á annað námskeið sem snérist eingöngu um Fab Lab svokallaða Fab Lab smíðju sem Mímir símenntun bauð upp á. Í kjölfarið fór hann að taka virkari þátt í almennri starfsemi Fab Lab, aðstoða í opnum tímum og vera leiðbeinandi á námskeiðum. „Maður dettur inn í að hjálpa fólki. Ég man eftir konu sem ég varði um tveim tímum með þó ég hafi verið að drífa mig heim, mann langar svo rosalega að hjálpa fólki til að læra á tækin og láta hugmyndir sínar verða að veruleika segir. Tíminn er fljótur að líða.“

Að vera með fólki með grunnþekkingu

Hvað langar þig síðan að gera með þessa reynslu og þekkingu í

framtíðinni? Mig langar að kenna fólki á Fab Lab. Ertu þá að hugsa um að fara í Fab Academy sem er nám fyrir leiðbeinendur? Það er ekki víst, eins og núna þá var ég að hjálpa til á námskeiði Innoent fyrir 8 til 14 ára krakka sem voru að læra að hanna og búa til hluti í Fab Lab.“ Ertu kennari í

þér? „Þótt mér finnst gaman að vera með krökkunum þá sé ég mig frekar með fólki sem er komið með grunnþekkingu og er að vinna að ákveðnum verkefnum.“



Arnar Daði Þórisson.

Langar að verða rafeindavirki

En hvað með rafmagnið ertu

að hugsa um að halda áfram að læra eitthvað í tengslum við það? „Mig hefur alltaf langað til að verða rafeindavirki og vinna með litlu hlutina, laga þá og búa til skemmtilega hluti samanber stökkandi spilaboxið. Í dag er ég með vinnu og námið bíður en ég kem líklega til með að leiðbeina á fleiri Fab Lab námskeiðum hjá Innoent og kynna smíðjuna gagnvart frístundaheimilum.“

Allir eiga erindi í Fab Lab

En hverjir eiga erindi í Fab Lab? „Allir, finnst mér, ég sé Fab Lab þannig fyrir mér að hér er hægt að vinna hluti sem gera lífið þægilegra eða umhverfið fallegra, þeir sem hafa áhuga á blómum geta hannað blómastanda og fleira. Það er sem sagt engin hugmynd of galin fyrir Fab Lab.“

SGK



PORRAFAGNAÐUR




Laugardaginn
16. janúar 2016

Miðasala hefst í ÍR heimilinu,
2. desember 2015 kl. 17:00.

Seld eru heil 12 manna borð.
Hver getur mest keypt 2 borð í einu.
Fyrstir koma - fyrstir fá.

Miðaverð:
Matur og ball kr. 8.500
Ball kr. 4.500

Húsið verður opnað kl. 19:00
Borðhald hefst stundvíslega kl. 20:00

Veislustjóri: Atli Þór Albertsson
Halli Reynis verður á sínum stað
Hljómsveitin Buff leikur fyrir dansi



Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Fréttir af Leiknisstelpum

Leiknisstelpurnar halda áfram að gera góða hluti. Stúlkurnar í 5. flokki tóku þátt í mót á vegum Fjölnis í lok október eins og við sögðum frá í síðasta blaði. 4. flokkur fór einnig á mót í lok október en þær heimsóttu nággranna okkar í ÍR og spiluðu þar í góðu veðri. Sögur herma að þær hafi staðið sig mjög vel í kappi við lið HK, Hauka, Víkings og ÍR sem öll tóku þátt í mótinu. Spilað var í 9 manna liðum.

Sautján stúlkur úr 7. flokki héldu svo á mót í Keflavík laugardaginn 7. nóvember. Spilað var í tveimur liðum og spilaði hvort lið 5 leiki. Þetta var fyrsta mót 7. flokks stúlkna hjá Leikni og voru þær félaginu til sóma og skemmtu sér vel. Þessar vikur sem af er haustönninni hefur stúlnastarfið gengið vel. Við hvetjum stelpur til að kíkja á æfingu - allir eru velkomnir.

FS



Leiknisstelpur í fjórða flokki.



Sjöundi stelpnaflokkur Leiknis.

Hrekkjavakan í Ölduselsskóla

Nemendur í sjötta bekk Ölduselsskóla héldu búningadag um daginn og mættu í margvíslegum búningum en tilefni dagsins var Hrekkjavakan.

Einnig skrifuðu krakkarnir smásögur á ensku og skreyttu stofurnar sínar. Í annari stofunni voru spil og leikir í hinni var diskó og skemmtu allir sér hið besta.



Á myndinni má sjá annað tveggja Leiknisliða í fjórða flokki ásamt þjálfara sínum Enrique Caballero en hann tók við flokknum í október.

Reykjavíkurmót yngri flokka

Yngri flokkar Leiknis fara nú að hefja keppni í Reykjavíkurmóti líkt og flokkar annarra félaga í Reykjavík. 4. flokkur karla reið á vaðið í byrjun mánaðarins.

Flokkurinn telur fram tveimur liðum og var fyrsta umferð leikin á mótinu KR í Vesturbænum. Gengi okkar drengja var frábært enda er jákvæðni og dugnaður í fyrirrúmi hjá flokknum.



ÍSLENSKT GÓÐGÆTI Í GJAFAKASSA

TILVALIN JÓLAGJÖF

Saft, sultur, krydd, te, hunang, ostar, salt. Nokkrar tegundir. Gott verð!

Erum alla föstudaga á markaðstorgi í Mjódd.

Kynnið ykkur frábærar vörur úr íslenskri náttúru

Íslensk hollusta
-frá náttúrunnar hendi!

SKÚTAHRAUNI 7 | HAFNARFIRÐI | islenkhollusta.is

SKAUTA HÖLLIN
REYKJAVÍK

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Enskar fótþoltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Yngstu börnin blómstra hjá ÍR

Á undanförunum á árum hefur ÍR þróað meira og fjölbreyttara íþróttastarf fyrir yngstu börnin en dæmi eru um hjá öðrum íþróttafélögum. Fjölbreytt íþróttaframboð ÍR inniheldur eftirtalið:

Íþróttaskóli ÍR fyrir 2-5 ára

ÍR-ingar hafa rekið íþróttaskóla fyrir 2-5 ára börn í fjölda ára. Vinsældir íþróttaskólans hafa farið vaxandi með hverju árinu þar sem fyrstu kynni barnanna eru af skipulögðu íþróttastarfi ÍR. Lögð er áhersla á að kenna alhliða hreyfifærni í leik og þrautaförmi. Æfingar eru einu sinni í viku og eru nú þrjár hópar í gangi fyrir 2-3 ára og einn hópur fyrir 4-5 ára sem allir æfa í ÍR-heimilinu. Vegna mikillar aðsóknar í íþróttaskólann eru uppi áform um að fjölga hópum. Skólastjóri íþróttaskóla ÍR er íþróttafraeðingurinn Sigríður Ósk Fanndal.

Íþróttaverkefni ÍR með leikskólum í Breiðholti

Í vetur býður ÍR upp á íþróttatíma/íþróttaskóla fyrir elstu börn leikskólastigsins í samstarfi við átta leikskóla í Breiðholti. Einn íþróttatími er í boði fyrir börnin á leikskólatíma í nærliggjandi íþróttahúsi þar sem íþróttafraeðingur frá ÍR stjórnar fjölbreyttum og skemmtilegum æfingum barnanna. Auk þess stendur börnum til boða að sækja einn viðbótar íþróttatíma í fótbolta, handbolta, körfubolta eða frjálsum utan leikskólatímans. Yfirþjálfari leikskólaverkefnisins er íþróttafraeðingurinn Kristján Gylfi Guðmundsson. Þetta er þriðji veturinn sem verkefnið er í gangi í Selja- og Bakkahverfi en í Hóla- og Fellahverfi eru nú í fyrsta skipti þrjár leikskólar með til reynslu.

ÍR-ungar, sex íþróttagreinir fyrir eitt æfingagjald

Íþróttaverkefnið ÍR-ungar nýtur gríðarlegra vinsælda en það er í boði fyrir börn í 1.-2. bekk grunnskóla í Breiðholti. Börnunum stendur til boða að æfa sex mismunandi íþróttagreinir fyrir aðeins eitt lágmarks æfingagjald og geta valið um að æfa handbolta, körfubolta, keilu, frjálsíþróttir, skíði og fótbolta, prófað allar greinar og fært sig á milli að vild. Æfingar í flestum þessum greinum fara fram á tímabilinu 15:00-17:00 í íþróttahúsinu við Austurberg. Sérstakur ÍR-strætó fer á milli allra skólanna í Breiðholti á tímabilinu 14:20-15:00 og sækir börnin og kemur þeim á æfingastað. Í íþróttahúsinu við Austurberg er svo rekið sérstakt fristundaheimili þar sem börnin bíða eftir að hefja æfingu eða bíða eftir að verða sótt. Með ÍR-unga verkefninu er komið á mótis við þarfir barnanna fyrir að reyna hinar ýmsu íþróttagreinir án þess að borga margfalt æfingagjald og einnig komið á mótis við foreldra með því að æfingar klárast á vinnutíma foreldra og börnunum er komið á æfingar án þess að foreldra þurfi að skutla þeim.

Reglulegar æfingar hjá deildum félagsins fyrir yngstu iðkendurnar

Reglulegar æfingar eru í boði í tíu íþróttagreinir hjá ÍR fyrir börn á grunnskólaaldri sem eru fimleikar, fótbolta, frjálsar, júdó, handbolta, karate, keila, körfubolta, skíði og taekwondo. Reglulegar æfingar fyrir elstu börnin í leikskóla eru í boði í fimleikum, fótbolta, frjálsum, handbolta, karate og skíðum. Allir velkomnir, nánari upplýsingar á www.ir.is og í síma 587-7080 í ÍR-heimilinu.

Á annað hundrað stelpur á BK-móti ÍR

BK-mót ÍR fyrir 4 flokk kvenna í knattspyrnu fór fram Laugardaginn 31. október. Mótið fór fram á ÍR vellinum í blíðskapaveðri og stóð frá klukkan 9 til klukkan 18 sama dag. Milli leikja gátu bæði keppendur og aðstandendur hvílt lúin bein og keypt góðar veitingar á hagstæðu verði í ÍR heimilinu.

Þátttakendur að þessu sinni voru á annað hundrað hressar stelpur sem kepptu í níu liðum frá ÍR, Leikni, Haukum, Víkingi og HK. Keppt var í tveimur riðlum. Keppni á mótinu var afar jöfn og spennandi en að lokum stóðu Víkingar uppi sem sigurvegarar. Mótinu lauk með BK-kjúklingaveislu, verðlaunaafhendingu og skemmtun í Hólabrekkuskóla um kvöldið. Aðalstyrktaraðili BK-móts ÍR er BK-kjúklingar



ÍR stelpur á BK mótinu

Grensásvegi. Stelpurnar sem fóru að hlakka til næsta BK-móts tóku þátt í þessu móti er strax sem haldið verður 9. apríl 2016.

Næstum 50 börn á aldrinum 9 til 11 ára æfa í Seljaskóla

Þrátt fyrir að engin ÍR mót hafi farið fram undanfarnar fjórar vikur hefur síður en svo verið ládeyða í starfi frjálsíþróttadeildarinnar. Stjórnarmenn og þjálfarar hafa fundað sín á milli og tekið þátt í fundum hjá Frjálsíþróttasambandinu þar sem næsta ár er skipulagt og línur lagðar um mótahald og annað sem eflir frjálsar hjá ÍR og á Íslandi.

Innan ÍR er mikil gróska og skemmtilegt frá að segja, sérstaklega í Breiðholti. og er þetta lang fjölmennasti hópurinn til þessa. Þessir krakkar eins og önnur börn og ungmenni sem æfa frjálsar með deildinni búa sig nú af kappi undir 20. Silfurleika ÍR sem haldnir verða í lok nóvember. Silfurleikar ÍR eru sannkölluð frjálsíþróttaveisla og fjölmennasta

frjálsíþróttamót sem haldið er að hausti. Sem dæmi þá voru þátttakendur í fyrra um 700 börn og ungmenni hvaðanæva að af landinu eða frá hvorki fleiri né færri en 25 félögum. Þessum ungmennum fylgdi fjöldi foreldra og annarra aðstandenda og náðist upp frábær stemming í höllinni.

Einnig má geta þess að fimleikar hjá ÍR vaxa og dafna undir handarjaðri frjálsíþróttadeildarinnar. Mikil fjölgun iðkenda er á milli ára í fimleikum en nú stunda hátt í 80 börn 9 ára og yngri fimleika hjá ÍR í fjórum æfingahópum. Börnin eru að læra undirstöðuatriði hópfimleika og eru meðal annars að undirbúa jólasýningu sem haldin verður í lok haustanna.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Ásættanleg byrjun hjá ÍR í körfunni

Körfuboltalið ÍR í karlaflokki leikur í efstu deild í vetur sem fyrr og fer vel af stað. Liðið hefur leikið fjóra leiki í Domino's deildinni og unnið tvo. Sigurleikirnir voru gegn FSU og Stjórnumni en tapleikirnir gegn Tindastól og Grindavík.

Segja má að byrjunin sé vel ásættanleg en Bandaríski leikmaðurinn Jonathan Mitchell sem er einn af mættarstólpum liðsins veiktist í öðrum leik mótisins og hefur ekki leikið síðustu tvo leiki liðsins. Þar með hafa aðrir leikmenn axlað meiri ábyrgð og gert það með sóma. Stighæstur ÍR-inga til þessa er Oddur Kristjánsson sem gekk til liðs við ÍR-inga í sumar og er með 22.3 stig að meðaltali í leik. Mitchell hefur tekið 11.5 fráköst á meðaltali í leik og flestar stoðsendingar á reynsluboltinn og baráttujaxlinn Sveinbjörn Claessen 5.5 að meðaltali í leik. Næsti heimaleikur liðsins er gegn öflugum liði Hauka og fer sá leikur fram kl. 19:15 föstudagskvöldið 13. nóvember í Seljaskóla. Fyllum



Oddur Kristjánsson er stighæstur ÍR-inga til þessa sem gekk til liðs við ÍR-inga í sumar og er með 22.3 stig að meðaltali í leik.

Hertz Hellirinn og styðjum strákana í harðri baráttu.

Þorrafagnaður ÍR í undirbúningi

Árlegur Þorrafagnaður ÍR verður haldinn í íþróttahúsi Seljaskóla laugardagskvöldið 16. janúar n.k. Miðasala hefst í ÍR-heimilinu 2. desember kl. 17:00.

Seld verða heil tólf manna borð og mun hver einstaklingur geta keypt tvö borð í einu. Fyrstir koma fyrstir fá. Verð fyrir mat og ball kr. 8.500. Veislustjóri verður Atli Þór Albertsson og hljómsveitin Buff mun leika fyrir dansi. Undirbúningur

þessa stórviðburðar í hverfinu sem nú verður haldinn í fimmta skipti er í fullum gangi og stefnt á mikla stemmningu og gleði. Undirbúningsnefnd Þorrafagnaðar ÍR skipa: Sigurður Albert Ármannsson formaður, Guðrún Brynjólfsdóttir, Haraldur Reynisson, Bergþóra Eiðsdóttir, Ólafur Gylfason, Guðný Inga Ófeigsdóttir, Sandra Fannarsdóttir og Hilmar Sigurjónsson.

Heimasíða ÍR: www.ir.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

ALLTAF GOTT ÍSVEÐUR

Nýttu þér góða ísverðið í Iceland því það er alltaf tími fyrir ljúffengan ís.



ÓTRÚLEGT
ÚRVAL



TILBOÐ Á ÍS
799 kr. stk.
VERÐ ÁÐUR: 899 KR.
HÄAGEN-DAZS
500 ML



899 kr. stk.
500 ml



499 kr. pk.
6 í pakka



599 kr. pk.
6 í pakka



299 kr. stk.
M&M ís

299 kr. stk.
Snickers, Mars og Maltesers



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró. Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausn greiðslufrest. Skráðu þig á www.netgiro.is

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland